

Fundargerð (45)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams fimmtudaginn 28. október 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Arna Jakobína Björnsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams. Viðstödd dagskrárlíði 1 og 2 voru fulltrúar úr matshópi, Þórir Gunnarsson og Alda María Hauksdóttir

- 1. Matshópur – erindisbréf.** Samþykkt að uppfæra erindisbréf matshóps þar sem Sigurjón Norberg Kjærnested hefur tekið sæti Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og lðunn Bragadóttir verður nýr fulltrúi fyrir Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- 2. Matshópur – framvinduskýrsla.** Kolbeinn gerði grein fyrir skýrslu matshóps sem byggð er á gögnum frá ríki og Reykjavíkurborg fyrir tímabilið frá 1. júní til 1. október. Hluti gagna hefur borist frá SFV en ekki náðist að vinna þau nægilega vel til að birta niðurstöður í þessari skýrslu. Samband íslenskra sveitarfélaga er að vinna að samræmingu gagna frá sveitarfélögunum en hefur enn ekki skilað gögnum til matshóps. Í umræðum hlaut framsetning upplýsinga í skýrslunni góðan hljómgrunn og matshópi var þakkað fyrir framlag, sem nýtist við eftirfylgni þess að markmið samkomulagsins um betri vinnutíma í vaktavinnu náist.
- 3. Fundargerð 44. fundar** samþykkt.
- 4. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. **Hrós** til þeirra sem staðið hafa áberandi vel að baki BVV fellur nú í skaut Laufeyjar Gissurardóttur hjá BHM og Péturs Fenger og Marsilíu Drafnar Sigurðardóttur hjá dómsmálaráðuneyti.
- 5. Námskeið fyrir haghafa.** Bára Hildur fór yfir minnisblað um fræðslu fyrir haghafa, starfsfólks og stjórnenda. Málið rætt og samstaða um tillögu verkefnisstjórnar um að bjóða námskeið á eftirfylgnitímanum í framhaldi þeirra sem haldin voru á

innleiðingartímabilinu. Gert ráð fyrir samstarfi við Starfsmennt um námskeið í nóvembermánuði.

6. Önnur mál.

- Bára Hildur upplýsti að verkefnisstjórn hafi í samstarfi við Hörpu Júlíu og Ragnar gert leiðbeiningar um breytingar sem orðið hafa á greiðslum á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum í kjölfar betri vinnutíma í vaktavinnu til að skýra þær og bregðast við fyrirspurnum.

Fundi slitið kl. 15.20. Næsti fundur fimmtudaginn 11. nóvember kl. 14.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.